

Forsætisnefnd

***Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.***

Vísað er til fyrri bréfa skrifstofu borgarstjórnar til forsætisnefndar, um sama efni, einkum bréfs dags. 25. september þar sem drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar voru uppfærði samræmi við ábendingar Persónuverndar. Það var niðurstaða Persónuverndar að ekkert sé því til fyrirstöðu að bjóða upp á valkvæða skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa sem farið geti fram á grundvelli samþykkis hins skráða sbr. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 90/201, sbr einnig a-lið 1. mgr. 6. reglugerðar (ESB) 2016/679. Jafnframt hefur nú verið bætt inn ákvæði þar sem vísað er til nýrra laga um skilgreiningar á raunverulegum eigendum sbr. ákvæði laga um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019, við mat á því hvort skrá skuli fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa í félagi sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í.

Er mælt með því að forsætisnefnd vísi reglunum til staðfestingar borgarstjórnar ef þær teljast nú tilbúnar til afgreiðslu eftir breytingarnar.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar